



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 132/512
komudagur 13.12.2005

Reykjavík, 12. desember 2005
Tilvísun: 2005110068

Umsögn um 51. mál, frumvarp til breytinga á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna

Vísað er til fyrri umsagna ASÍ um sama mál þá er það hefur fyrr verið flutt á Alþingi.

Í greinargerð með því frumvarpi sem nú er flutt er m.a. fjallað um "Félagsgjald sem þjónustugjald". Þar er fullyrt að þeir sem greiða þjónustugjald og hafa ekki sótt um aðild með formlegri umsókn um félagsaðild njóti takmarkaðrar þjónustu m.a. hvað varðar orlofsheimili o.fl. Í þessu sambandi er rétt að taka fram, að allir sem starfa á samningssviði aðildarfélaganna ASÍ njóta sömu þjónustu hjá aðildarfélögum sambandsins óháð formlegri umsókn um félagsaðild. Það á bæði við um almenna þjónustu sem veitt er á skrifstofum félaganna og réttindavernd. Jafnframt njóta allir skilyrðislausra réttinda í sjúkra- og orlofssjóðum og endurmenntunarsjóðum en gjöld til þessara sjóða eru greidd af öllum sem vinna störf á viðkomandi samningssviði. Þegar kemur að afgreiðslu kjarasamninga sem að jafnaði eru afgreiddir í allsherjaratkvæðagreiðslu eru allir sem greitt er af atkvæðisbærir um samninginn. Það sama á við um vinnustaðasamninga sem gerðir eru undir vinnustaðapætti kjarasamninga. Hins vegar njóta þeir sem ekki hafa sótt formlega um aðild að viðkomandi stéttarfélagi hvorki kjörgengis eða atkvæðisréttar þegar kemur að kosninga innan stjórnkerfis félaganna.

Virðingarfyllst,

Magnús M. Norðdahl hrl.
Deildarstjóri lögfræðideildar ASÍ.

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík 29. nóvember 2005

Efni: Umsögn um lagafrumvarp, mál 51.

Vísað er til bréfs nefndarritara þar sem BHM er gefinn kostur á að gefa álit sitt á frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.


BHM hefur margoft lýst yfir vilja sínum til að koma að heildarendurskoðun á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þáverandi fjármálaráðherra, Geir H. Haarde, gaf m.a. á aðalfundi BHM árið 2000 vilyrði fyrir slíkri endurskoðun í samráði við heildarsamtök opinberra starfsmanna. Myndaður var starfshópur í desember 2002 og hóf hann störf. Vinna innan hans lagðist hins vegar af þegar fram kom frumvarp um afnám áminningarskyldu. BHM ítrekar þá stefnu sína að vinna skuli að heildarendurskoðun laganna en ekki að tína út eitt og eitt atriði.

Hvað varðar hugleiðingar um að 2. mgr. 7. greinar laganna brjóti gegn stjórnarskránni er vísað til minnisblaðs frá fjármálaráðuneytinu í frá í febrúar 2000, en þar er afdráttarlaust komist að þeirri niðurstöðu að ákvæði greinarinnar samrýmist ákvæðum stjórnarskrárinnar um félagafrelsi.

Þeir kjarasamningar sem stéttarfélög gera við hið opinbera nýtast öllum starfsmönnum. Þess misskilnings gætir enn hjá flutningsmönnum frumvarpsins að það eina sem samið sé um sé launatafla. Rétt er að leiðrétta það og benda á mikilvæg réttindi sem eru hluti af kjarasamningum, s.s. orlofs- og veikindaréttindi. Einnig er rétt að ítreka það að með þeirri stefnu að færa launaákvæðanir út til forstöðumanna, t.d. með stofnanasamningum hefur aðkoma stéttarfélaganna að ákvörðun launa færst þangað einnig og njóta allir starfsmenn stofnunar góðs af því, burtseð frá stéttarfélagasáild.

BHM leggst gegn því að frumvarp þetta verði að lögum af framangreindum ástæðum.

Virðingarfyllst,



Stefán Aðalsteinsson,
framkvæmdastjóri BHM

Alþingi
Erindi nr. P 132/326
komudagur 30.11.2005



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. nóvember 2005

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, þskj. 51 - 51. mál.

BSRB hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, þskj. 51 - 51. mál.

BSRB leggst alfarið gegn samþykkt frumvarpsins. Árið 2001 og aftur 2003 var lagt fram á Alþingi frumvarp sama efnis og sendi þá BSRB umsögn sína. BSRB ítrekar þá umsögn en hún fylgir hér á eftir:

„BSRB lýsir eindreginni andstöðu við samþykkt frumvarpsins. Til stéttarfélaganna var stofnað til þess að bæta kjör launafólks og standa vörð um kjör og réttindi. Með lögum er tryggt að þeir kjarasamningar sem stéttarfélög gera mynda lágmarkskjör á viðkomandi sviði. Grundvöllur launakerfis þjóðfélagsins byggist því á starfsemi stéttarfélaganna. Almenn er það viðhorf ríkjandi í landinu að starf stéttarfélaganna hafi verið samfélaginu til góðs og fáir efast um að þau hafi tryggt launafólki bætt kjör og réttindi. Á vinnumarkaði hafa stéttarfélögin tryggt réttindi sem allir njóta góðs af bæði þeir sem standa innan og utan félaganna.

Það er fullkomlega eðlilegt að öllum þeim sem njóta ávinnings af starfi stéttarfélaganna sé gert að taka þátt í að standa straum af tilkostnaði við rekstur þeirra. Til eru þeir einstaklingar sem vilja njóta ávaxtanna án þess að axla félagslegar byrðar. Þetta vita andstæðingar stéttarfélaganna og vilja fjölga í þeim hópi. Í byrjun níunda áratugarins var róið að því öllum árum í Bretlandi að knésetja stéttarfélögin og virðist þetta frumvarp sverja sig í ætt við þær tilraunir.

Rétt er að vekja athygli á því að reynt hefur á það fyrir Félagsdómi hvort reglan í 2. mgr. 7. gr. laganna, um greiðsluskyldu til þess félags sem gerir kjarasamninginn sem greitt er eftir, sé andstæð félagafrelsisákvæði stjórnarskrár eða Mannréttinasáttmála Evrópu sem hefur verið lögfestur hér á landi. Í máli nr. 4 frá 1998 var það samhljóða niðurstaða allra fimm dómenda Félagsdóms að greinin bryti hvorki gegn stjórnarskrá né mannréttinasáttmálanum.“

f.h. BSRB

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Svanhildur Hallgrásdóttir', written over a printed name.

Svanhildur Hallgrásdóttir

Alþingi
Erindi nr. P 132/491
komudagur 8.12.2005



Suðurlandsbraut 22
108 Reykjavík
Sími 540 6400
Fax 540 6401
hjukrun@hjukrun.is
www.hjukrun.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. desember 2005


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, 51. mál, aðild að stéttarfélagi.


Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga þakkar beiðni um umsögn um frumvarp til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, 51. mál, aðild að stéttarfélagi.

Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga er aðili að Bandalagi háskólamanna og tekur alfarið undir umsögn um umrætt frumvarp, sem send var í nafni BHM, dags. 29. nóvember 2005 og undirrituð af Stefáni Aðalsteinssyni framkvæmdastjóra.

Virðingarfyllst,

F.h. stjórnar Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga,


Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður



Alþingi
Erindi nr. Þ 132/492
komudagur 8.12.2005

KENNASAMBAND ÍSLANDS
Laufásvegi 81 • IS-101 Reykjavík • Sími 595 1111 • Fax 595 1112
ki@ki.is • www.ki.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10,
150 Reykjavík

Reykjavík 5. desember 2005


Til Efnahags- og viðskiptanefndar.

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Kennarasamband Íslands hefur fengið ofangreint frumvarp til umsagnar. Kennarasamband Íslands leggst eindregið gegn frumvarpinu og eru fulltrúar sambandsins tilbúnir að rökstyðja þá afstöðu á fundi með nefndinni verði þess óskað.

Virðingarfyllt,

f.h. Kennarasambands Íslands


Eiríkur Jónsson, formaður



LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA

Alþingi
Erindi nr. P 132/448
komudagur 6.12.2005

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

5. desember 2005

Landssamband lögreglumanna vísar til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 21. nóvember sl. Í bréfinu er farið fram á umsögn Landssambands lögreglumanna um frumvarp til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, 51. mál, aðild að stéttarfélagi.

Landssamband lögreglumanna lýsir yfir algerri andstöðu við frumvarpið og telur að nái umræddar breytingar á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986 fram að gangi muni það veikja stöðu og styrk stéttarféлага í landinu. Að öðru leyti vísar Landssamband lögreglumanna til umsagnar BSRB og tekur að öllu leyti undir þær athugasemdir sem þar eru settar fram.

F.h. Landssambands lögreglumanna,

Páll E. Winkel framkvæmdastjóri



Alþingi
Erindi nr. Þ 132/490
komudagur 8.12.2005

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. desember 2005

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, þskj. 51 - 51. mál.

Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, þskj. 51 - 51. mál.


LSS leggst eindregið gegn samþykkt frumvarpsins.

„LSS lýsir eindreginni andstöðu við samþykkt frumvarpsins. Til stéttarfélaganna var stofnað til þess að bæta kjör launafólks og standa vörð um kjör og réttindi. Með lögum er tryggt að þeir kjarasamningar sem stéttarfélög gera mynda lágmarkskjör á viðkomandi sviði. Grundvöllur launakerfis þjóðfélagsins byggist því á starfsemi stéttarfélaganna. Almennt er það viðhorf ríkjandi í landinu að starf stéttarfélaganna hafi verið samfélaginu til góðs og fáir efast um að þau hafi tryggt launafólki bætt kjör og réttindi. Á vinnumarkaði hafa stéttarfélögin tryggt réttindi sem allir njóta góðs af bæði þeir sem standa innan og utan félaganna.

Það er fullkomlega eðlilegt að öllum þeim sem njóta ávinnings af starfi stéttarfélaganna sé gert að taka þátt í að standa straum af tilkostnaði við rekstur þeirra.

Rétt er að vekja athygli á því að reynt hefur á það fyrir Félagsdómi hvort reglan í 2. mgr. 7. gr. laganna, um greiðsluskyldu til þess félags sem gerir kjarasamninginn sem greitt er eftir, sé andstæð félagafrelsisákvæði stjórnarskrár eða Mannréttinasáttmála Evrópu sem hefur verið lögfestur hér á landi. Í máli nr. 4 frá 1998 var það samhljóða niðurstaða allra fimm dómenda Félagsdóms að greinin bryti hvorki gegn stjórnarskrá né mannréttinasáttmálanum.“

Virðingafyllst
f.h. Landssambands slökkviliðs- og
sjúkraflutningamanna


Vernharð Guðnason
formaður

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/494
komudagur 8.12.2005



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS
ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 6. desember 2005

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, 51. mál, aðild að stéttarfélagi

Þann 26. mars 2001 sendi félagið umsögn um sambærilegt frumvarp hvað varðar niðurfellingu 2. mgr. 7. gr. laga nr. 94/1986. Í þeirri umsögn sagði m.a.:

“Samningar stéttarfélaga opinberra starfsmanna eru um lágmarkskjör viðkomandi starfsmanna án tillits til félagsaðildar. Í lögum nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda segir í 1. gr. að samningar einstakra launamanna og atvinnurekenda um lakari kjör en hinir almennu kjarasamningar ákveða skulu ógildir. Kjarasamningar veita ákveðin réttindi og leggja jafnframt gagnkvæmar skyldur á sammingsaðila. Stéttarfélögin vinna kröfugerð og semja um kaup og kjör félagsmanna. Félögin taka ákvörðun um verkfallsboðun og hafa úrskurðarvald í tilteknum málum og gegna ábyrgðarhlutverki eins og málum er skipað í dag. Því hefur það þótt réttmætt að þeir sem taka laun samkvæmt samningi sem stéttarfélögin gera taki þátt í kostnaði af starfi og starfsaðstöðu félaganna. Hlýtur það að vera regla hjá stéttarfélögum að þeir njóti réttinda í félaginu til upplýsinga og þjónustu sem þeir greiða til félagsins skv. þessu ákvæði laganna.

Læknafélag Íslands mælir gegn breytingu sem frumvarpið kveður á um”.

Ofangreind umsögn er hér með ítrekuð. Til viðbótar má af tilefni hins nýja frumvarps og rökstuðnings með því taka fram eftirfarandi.

Það er athyglisverð útlistunin í greinargerð með frumvarpinu um hlutverk dómstóla. Skv. hugmyndum frumvarpshöfunda ætti enginn dómstóll annar en Hæstiréttur að geta tekið að sér það hlutverk að úrskurða ákvæði laga frá Alþingi ógild þar sem þau rekist á ákvæði stjórnarskrár. Ástæðan fyrir þessum vangaveltum frumvarpshöfunda er tilraun til að tala sig framhjá niðurstöðu Félagsdóms í málinu nr. 4/1998, en í því máli komst Félagsdómur að þeirri niðurstöðu að 2. mgr. 7. gr. laga nr. 94/1986 samrýmdu ákvæðum stjórnarskrárinnar um félagafrelsi. Skv. skoðun frumvarpshöfunda er Hæstiréttur einn bær að úrskurða ákvæði laga frá Alþingi ógild rekist þau á ákvæði stjórnarskrár. Samkvæmt núverandi skipan dómsmála verður trauðla séð hvernig því verður við komið þar sem almenna reglan er sú að hér á landi er dæmt um mál á tveimur dómstigum, þ.e. í

héraðsdómi og héraðsdómum er unnt að áfrýja til Hæstaréttar. Eigi hugmynd frumvarpshöfunda að ná fram að ganga virðist því sem fyrst þurfi að breyta dómstólalögum, þannig að forgangsroðin virðist eitthvað hafa misfarist hjá frumvarpshöfundum.


Í greinargerð frumvarpshöfunda halda þeir því m.a. fram að félagsgjöld séu yfirleitt prósentu af launum skv. ákvörðun félagsfundar í viðkomandi stéttarfélagi. Út frá þeirri fullyrðingu frumvarpshöfunda rökstyðja þeir að hluti félagsgjalda hljóti að vera annað en þjónustugjald, þ.e. skattur. Þá eyða þeir nokkru plássi í að útskýra hvað sé skattur og komast síðan að þeirri niðurstöðu að þar sem um skatt sé að ræða hafi einfaldlega gleymst, þegar ákvæði um bann við framsali skattlagningarvalds kom inn í stjórnarskrána árið 1995, að laga lögin um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 94/1986, að því. Við þetta er amk. tvennt að athuga. Sú forsenda frumvarpshöfunda að félagsgjöld séu yfirleitt prósentu af launum er röng. Það hefur tíðkast til fjölda ára í Læknafélagi Íslands að ákvarða félagsgjöld sem fasta krónutölu. Er reynt að láta félagsgjöldin duga fyrir starfsemi félagsins og öðru ekki. Þá er öfugsnúið í málflutningi frumvarpshöfunda að viðurkenna að hluti félagsgjalda hljóti að vera þjónustugjald en þar sem einhver annar hluti, ótilgreindur, hljóti að vera skattur þá beri að fella allt félagsgjaldið undir skattahugtakið og þar með fella niður 2. mgr. 7. gr. 1. nr. 94/1986. Ef frumvarpshöfundar eru sannfærðir um að hluti félagsgjalda sé skattur þá væri nær að þeir legðu fram tillögu sem gerðu stéttarfélögum skylt að greina á milli þeirrar starfsemi sem snérist um kjarasamningsgerð og vörn kjarasamninga frá annarri starfsemi. Þá væri unnt að miða gjald utanfélagsmanna við þann hluta í starfsemi stéttarfélaga sem snýr að kjarasamningsgerðinni.

Rétt þykir að benda á að launþegar í þjónustu þess opinbera búa við annað samningsumhverfi en aðrir launþegar. Að baki löggjöf um laun og kjarasamninga opinberra starfsmanna búa ákveðin sjónarmið. Opinberir starfsmenn, þ. á m. starfsmenn ríkisins, hafa búið við sérstakt lögbundið launa- og kjarasamningskerfi í hart nær heila öld. Fram að setningu laga nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, byggðust laun og aðrar launaákvæðanir opinberra starfsmanna á sérstökum launalögum. Löggjöf um kjarasamninga opinberra starfsmanna hefur frá upphafi geymt sérstakar reglur, svo sem um rétt til aðildar að stéttarfélagi, fyrirvar, samningsrétt og síðar verkfallsrétt, sem sætt hefur mismiklum takmörkunum, allt eftir vilja meirihluta Alþingis á hverjum tíma. Ein megin ástæðan fyrir þessari skipan er þörf fyrir stöðugleika og jafnræði vegna þeirra samfélagslegu verkefna sem opinberum aðilum er gert að halda uppi lögum samkvæmt.

Sú staða er uppi, eðli málsins samkvæmt, að viðsemjandi opinberra starfsmanna, ríkisvaldið, hefur sem framkvæmdavaldshafi í hendi sér að breyta lagaumhverfinu kjósi það svo. Á þetta benda frumvarpshöfundar og vekja sérstaka athygli á að Alþingi hafi samkvæmt stjórnarskrá eitt heimild til að setja lög og því einnig heimild til að afnema þau sömu lög og þarf ekki að fá leyfi til þess frá öðrum aðilum. Sú staðreynd blasir hins vegar við launþegum að framkvæmdavaldshafar á hverjum tíma í skjóli meirihluta á Alþingi eru í sérstakri aðstöðu til að koma fram þeim þingmálum sem þeir kjósa.

Stéttarfélög ríkisstarfsmanna standa af framangreindum ástæðum mjög höllum fæti gagnvart viðsemjendum sínum. Það er því mjög alvarlegt ef löggjafinn ætlar að taka að sér að grafa undan tilvist og tilveru stéttarfélaga opinberra starfsmanna með þeirri íhlutun sem stungið er upp á í frumvarpinu og veikja þannig félögin gagnvart opinberum viðsemjendum sínum. Þá er röksemdarfærslan í greinargerð með frumvarpinu villandi og þar er dregin upp furðuleg mynd af stöðu mála. Látið er að því liggja að allir þeir sem kjósa að standa utan stéttarfélaga geri það eingöngu til að losna við greiðslu gjalds til stéttarfélaga sem semja um lágmarkskjör. Ekkert er vikið að þeim sem einfaldlega kjósa að tilheyra ekki viðkomandi félagsskap, án tillits til þess hvort þeir þurfi að greiða gjald til félagsskaparins fyrir þá þjónustu sem þeir njóta á vinnumarkaði. Þá er því haldið fram að aðalefni kjarasamninga séu laun opinberra starfsmanna. Um annað sé kveðið á í lögum. Frumvarpshöfundar virðast ekki gera sér grein fyrir að í kjarasamningum eru fjölmörg ákvæði, önnur en um laun, sem veita betri rétt en kveðið er á um lögum og þeirra réttinda njóta utanfélagsmenn einnig.

Virðingarfyllst,
f.h. Læknafélags Íslands



Sigurbjörn Sveinsson
formaður

Póstáritun/Address: Hlíðasmára 8
IS-200 Kópavogur

Sími/Tel.: (354) 564 4100
Fax: (354) 564 4106

Kt.: 450269-2639
Netfang/e-mail: lcemed@lcemed.is

Alþingi
Erindi nr. P 132/493
komudagur 8.12.2005

Nefndasvið Alþingis
Hlín Lilja Sigfúsdóttir, nefndarritari.
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 6. desember 2005.

Umsögn laganefndar Lögmannafélags Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Lagt fyrir 132. löggjafarþing 2005-2006. Þskj. 51 – 51. mál.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands hefur haft ofangreint frumvarp til athugunar og lætur í té svofellda umsögn:

Með frumvarpinu er lagt til að 2. mgr. 7. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna verði afnumin. Í ákvæði þessu er mælt fyrir um skyldu opinbers starfsmanns, sem einhverra hluta vegna hefur kosið að standa utan stéttarfélags samkvæmt lögnum, að greiða félagsgjald til þess stéttarfélags, sem hann ætti að tilheyra. Er vísað til þess í athugasemdum með frumvarpinu og færð fyrir því lagaleg rök, að ákvæði þetta brjóti í bága við 74. gr. stjórnarskrárinnar og jafnvel fleiri ákvæði hennar.

Frumvarpið hefur áður verið lagt fram á 126., 127., 130. og 131. löggjafarþingi, en ekki hlotið afgreiðslu. Laganefnd Lögmannafélags Íslands hefur áður látið í té umsögn um frumvarpið, sbr. umsögn nefndarinnar, dags. 29. mars 2001. Það var niðurstaða nefndarinnar á þeim tíma, að ekki yrði undan því vikist að fallast á þau sjónarmið þáverandi flutningsmanns, að umrætt lagaákvæði væri barn síns tíma og ekki í samræmi við réttarþróun á þeim tíma sem liðinn er frá gildistöku ákvæðisins. Á hinn bóginn varaði laganefndin einnig við því að lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna yrði breytt einum og sér, án þess að jafnframt færi fram endurskoðun á annarri löggjöf, svo sem lögum nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda.

Laganefnd Lögmannafélags Íslands ítrekar fyrri afstöðu sína með vísan til þeirra raka sem sett voru fram í fyrri umsögn nefndarinnar.

Virðingarfyllst,

f.h. laganefndar Lögmannafélags Íslands,

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl., formaður.

Alþingi
Erindi nr. P 132/325
komudagur 30.11.2005

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. nóv. 2005

Stjórn Prestafélags Íslands hefur tekið til skoðunar fjögur þingmál sem félaginu hafa borist til umsagnar. Ekki er um að ræða mjög ítarlega úttekt á hverju máli heldur einungis lausleg viðbrögð sem hér segir:

Frumvarp til laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, 51. mál

Stjórn PÍ er andsnúin þeim hugmyndum sem fram koma í frumvarpinu og tekur efnislega undir athugasemdir og andmæli sem fram hafa komið frá heildarsamtökum opinberra starfsmanna, BSRB og BHM.

Frumvarp til barnalaga, 78. mál

Stjórn PÍ er hlynnt því fyrirkomulagi að sameiginlegt forræði sé meginregla en bendir jafnframt á nauðsyn þess að veita foreldrum fræðslu um hvað í sameiginlegu forræði felst og fylgja þeim og börnunum betur eftir með það að leiðarljósi að sameiginlega forræðið gangi upp og hagur og velferð barnanna sé í fyrirrúmi.


Frumvarp til laga um breytingu á ýsmum lögum á sviði sifjaréttar, 279. mál

Stjórn PÍ styður þær breytingar sem fram koma í þessu frumvarpi og telur þær allar eðlilegar og sjálfsagðar. Varðandi sameiginlegt forræði er áréttað það sem kemur fram í umsögn um 78. mál.

Frumvarp til laga um Schengen-upplýsingakerfið á Íslandi, 189. mál

Hér er um að ræða of sértækt og viðamikil mál til þess að stjórn PÍ geti gert því fullnægjandi skil með svo stuttum fyrirvara.

Virðingarfyllst,



sr. Ólafur Jóhannsson formaður PÍ



STARFSMANNAFÉLAG REYKJAVÍKURBORGAR

GRETTISGÖTU 89 • 105 REYKJAVÍK • SíMI 525 8330 • FAX 525 8339 • TÖLVUPÓSTUR: strv@bsrb.is • VEFFANG: strv.bsrb.is

Alþingi

*Erindi nr. P 132/513
komudagur 12.12.2005*

Reykjavík 7. desember 2005.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar hefur borist til umsagnar, frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, þskj. 51 – 51. mál.

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar mótmælir framkomnu frumvarpi harðlega og lýsir eindreginni andstöðu við samþykkt þess. Enn á ný er á ferðinni frumvarp sama efnis og áður þ.e. 2001 og aftur 2003 og hefur afstaða félagsins til innhalds frumvarpsins ekki breyst frá þeim tíma.

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar ítrekar fyrri umsagnir en vísar að öðru leiti til umsagnar BSRB frá 28. nóv. s.l..

F.hönd Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar

Sjöfn Ingólfssdóttir formaður.



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS
ICELAND CHAMBER
OF COMMERCE

Alþingi
Erindi nr. P 132/426
komudagur 5.12.2005

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Hlín Lilja Sigfúsdóttir, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 2. desember 2005.

Efni: Frv. til I. um br. I. um kjarasamn. op. starfsm. nr. 94/1986
(51. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Viðskiptaráð gerir ekki athugasemd við frumvarpið og leggur til að það nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,
f.h. Viðskiptaráðs Íslands,


Davíð Þorláksson